



1. fundur stjórnar L.H. 1989-1990, 7. nóvember.

Mættir voru: Kári Arnórsson, Skúli Kristjánsson,
Gunnar B. Gunnarsson, Ingimar Ingimarsson,
Sigbjörn Björnsson, Jón Bergsson, Kristbjörg
Eyvindsdóttir og Kristmundur Halldórsson.

1. Þing Landverndar 10. og 11. nóvember 1989.

L.H. hefur rétt til þess að senda tvo fulltrúa. Rætt var að Kristbjörg sæti á föstudag, Sigbjörn á laugar-
dag og reynt yrði að finna einn fulltrúa til viðbótar.

2. Bréf Búnaðarfélags Íslands, þess efnis að Landsmót
yrði flutt til um viku þ. e. flýtt. Engir möguleikar
eru taldir á því.

3. Tillögur og samþykktir ársþings.

Kári hafði nokkur orð um framkvæmd þingsins og vel
heppnað þinghald og árshátíð.

Ákveðið að senda tillögu um skráningu fyljunar-
prósentu stóðhesta til Búnaðarfélags Íslands.

Nokkrar umræður urðu um númerakerfi kynbótahrossa.
Samþykkt þings send til Búnaðarfélags.

Til landbúnaðarráðherra fari áskorun um fjárveitingu
til byggingar stóðhestahúss í Gunnarsholti og afrit
til aðila í fjárveitinganefnd.

Til Búnaðarfélags Íslands fari áskorun um að L.H.
(haldi sínum tveimur mönnum) fái tvo menn í hrossa-
ræktarsamband Búnaðarfélags Íslands.

Samþykkt um keppnisröðun fari inn í keppnisreglur
í gæðinga og unglingskeppni. Þetta þarf líka að
kynna í Hestinum Okkar. Sama gildir með samþykkt
um járningar.

Reglur um úrslitakeppni komi til reynslu í eitt ár.

Sent verði til aðildarféлага samþykktir þingskjals
nr. 8, 9 og 10.

Til Búnaðarfélags fari áskorun þingsins varðandi
mætingu dómara á mót.

Áskorun til stjórnar og stjórnna hestamannafélaga um
að vinna að stuðningi ríkis og sveitafélaga við hesta-
mennsku send til hestamannafélaga.

Nefnd skipuð til að vinna að málefnum Reiðhallarinnar, í henni eru: Kári Arnórsson, Guðmundur Jónsson og Kristbjörg Eyvindsdóttir.

Tillaga um hrossaflutninga. Henni verði beint til yfirdýralæknis, kynnt í Hestinum Okkar og Eiðfæxa. Einnig verði ábendingum komið til þeirra sem flytja hross gegn gjaldi.

Nefnd til þess að huga að skipulagi L.H. í framtíðinni. Megin þættir nefndarinnar:

- a) Tengsl við Hestaíþróttasamband Íslands.
- b) Samvinna L.H. við Búnaðarfélag Íslands.
- c) Tengsl hestamannafélaga innan fjórðunga, héraða.

5 manna nefnd:

Stjórn tilnefni einn mann,	Kári Arnórsson.
H.Í.S. " " "	
Einn úr Vesturlandsfjórðungi,	Högni Bæringsson.
" " Norðurlandsfjórðungi,	Hjörtur Einarsson.
" " Suðurlandsfjórðungi,	Kristinn Guðnason.

Nefnd til endurskipulagningar stjórmóta.

5 manna nefnd:

Fyrir Vesturland,	Guðrún Fjeldsted.
" Suðurland,	Sigfús Guðmundsson.
" Norðurland,	Ingimar Ingimarsson.
" Austurland,	Guðmundur Þorleifsson.
" S- Vesturland,	Sigurbjörn Bárðarson.

4. Skipun nefnda.

Skipuð reiðveganefnd: Gunnar B. Gunnarsson, Sigurður Hallmarsson og Eggert Pálsson.

Móta og kappreiðanefnd: Sigfús Guðmundsson, Sigbjörn Björnsson, Ingimar Ingimarsson, Pétur Jökull Hákonarson, Þorkell Jónsson.

✓ Ferðanefnd: Ólafur B. Schram, Þór Guðmundsson og Bjarni Hólm Frímansson.

✓ Aganefnd: Jón Guðmundsson, Agnar Gústafsson og Ragnar Tómasson.

Fræðslunefnd: Guðmundur Ólafsson, Þráinn Bertelsen, Sigríður Johnsen, Elísabet Þórólfsdóttir og Kristbjörg Eyvindsdóttir.

Samþykkt um gerð forrits til notkunar á hestamótum beinir stjórn til fræðslunefndar. Kominn er vísir að safni fræðsluefnis, sem þarf að skrá og kynna hestamannafélögum.

Rætt var um sölu hljómplötu sem seld er í nafni L.H. Bréf Hljóðakletts h.f. kynnt. Kári ræðir við Magnús og fer fram á að skránni sé skilað (þ.e. félagaskrá L.H.).

5. Önnur mál. Fyrirspurn hvort L.H. vill fá nafn sitt í Gulu-bókina. Kári tók að sér að athuga það mál, einnig að athuga kostnað við auglýsingu í símaskrá.
6. Verkefnaskipting innan stjórnar var samþykkt óbreytt. Þ.e. Gunnar B. Gunnarsson gjaldkeri og Guðmundur Jónsson ritari.
7. Skúli ræddi um Áfanga, þ.e. hvernig skrifum miðaði.

Rætt var um Landsmót. Ákveðið er að heimsmeistara-keppnisgreinar verði fjórgangur og fimmgangur. Hvert aðildarland FEIF hefur rétt til þess að senda einn keppanda í hvora grein. Töltkeppni verður með hefðbundnum hætti.

Ingimar Ingimarsson
Sigbjörn Björnsson.
Skúli Ö. Kristjánsson.
Kári Arnósson

Kristbjörg Eyvindsdóttir.
Jón Bergsson
Kristmundur Halldórsson.
Gunnar B. Gunnarsson.